

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi fyrir Austurveg, Eyjabyggð og Búðartanga, Hrísey.
Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 9. ágúst 2023 breytingu á deiliskipulagi fyrir Austurveg, Eyjabyggð og Búðartanga, Hrísey.

Breytingin tekur til lóðarinnar Austurvegar 36 og felur í sér að stærð lóðar er skilgreind ásamt byggingarreit fyrir íbúðarhús og geymsluskúr. Þá verður heimilt að reisa viðbyggingu á þremur hæðum við núverandi íbúðarhús. Nýtingarhlutfall lóðarinnar verður 0,19.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 17. október 2023,

María Markúsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfudagur: 31. október 2023